

REGLUGERÐ

um endurgreiðslu á umtalsverðum kostnaði við læknishjálp, lyf og þjálfun.

1. gr.

Endurgreiðslur umtalsverða útgjalda.

Heimilt er að endurgreiða að hluta útgjöld sjúkratryggðra einstaklinga vegna læknishjálpar, lyfja, sjúkraþjálfunar, iðjuþjálfunar og talþjálfunar enda teljist þau umtalsverð miðað við tekjur sjúkratryggðs eða fjölskyldu hans.

Tryggingastofnun ríkisins annast framkvæmd reglugerðar þessarar.

2. gr.

Kostnaður.

Endurgreiðslur taka til eftirfarandi læknis-, lyfja- og þjálfunarkostnaðar sem stofnast hefur hérlandis:

1. Hluta sjúkratryggðs í kostnaði við læknishjálp, rannsóknir, geisla- og myndgreiningar og beinþéttimælingar, á opinberum sjúkrastofnunum og hjá læknum sem starfa samkvæmt samningi við Sjúkratryggingar Íslands, sbr. 4.-6. gr., 1., 2. og 4. mgr. 9. gr., 12. gr., 13. gr. og 15. gr. reglugerðar nr. 1175/2011 um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu.
2. Hluta sjúkratryggðs í kostnaði við læknishjálp, samkvæmt 4. og 5. gr. reglugerðar nr. 333/2011 um endurgreiðslu kostnaðar vegna þjónustu sjálfstætt starfandi sérgreinalækna sem starfa án samnings við Sjúkratryggingar Íslands, með síðari breytingum. Við endurgreiðslu skal miða við þær fjárhæðir sem fram koma í gjaldskrá Sjúkratrygginga Íslands nr. 334/2011, með síðari breytingum.
3. Hluta sjúkratryggðs í kostnaði við nauðsynleg lyf sem sjúkratryggingar taka þátt í að greiða og afgreidd eru gegn lyfseðli samkvæmt 3., 4., 5., 6. og 9. gr. reglugerðar nr. xxxxxx um greiðsluþátttöku sjúkratrygginga við kaup á lyfjum.
4. Lyf vegna barna til 18 ára aldurs, sem afgreidd eru gegn lyfseðli.
5. Hluta sjúkratryggðs í sjúkraþjálfun, iðjuþjálfun og talþjálfun á opinberum sjúkrastofnunum og hjá sjúkraþjálfurum, iðjuþjálfum og talmeinafræðingum sem starfa samkvæmt samningi við Sjúkratryggingar Íslands, samkvæmt reglugerð nr. 721/2009 um þjálfun sem sjúkratryggingar taka til og hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði við þjálfun, með síðari breytingum.

Áður en endurgreiðslur eru ákvarðaðar skal draga frá heildarkostnaði uppbætur sem elli- eða örorkulífeyrisþegi nýtur vegna læknishjálpar eða lyfja samkvæmt 1. mgr. 9. gr. laga nr. 99/2007 um félagslega aðstoð, með síðari breytingum.

3. gr.

Endurgreiðsla.

Við mat á því hvort endurgreiða skuli útgjöld vegna læknishjálpar, lyfja og þjálfunar skal leggja til grundvallar kostnað sjúkratryggðs eða fjölskyldu hans samkvæmt 2. gr., að teknu tilliti til viðmiðunartekna samkvæmt 4. mgr. 3. gr.

Viðmiðunarmörk vegna endurgreiðslu eru eftirfarandi:

Viðmiðunartekjur fjölskyldu næsta almanaksár á undan	Kostnaður 3 mánuðir	Endurgreiðsla útgjalda umfram kostnað
2.850.000 kr. og lægri	0,7% af tekjum	90%
2.850.000-4.310.000 kr.	0,7% af tekjum	75%
4.310.000-6.100.000 kr.	0,7% af tekjum	60%

Einstaklingur eða fjölskylda greiðir kostnað sem miðast við 0,7% af tekjum en fær endurgreitt hlutfall af útgjöldum umfram kostnaðinn. Endurgreiðsluhlutfallið lækkar með hækkandi tekjum. Þegar viðmiðunartekjur eru yfir 6.100.000 kr. er ekki lengur um endurgreiðslu að ræða, sbr. þó 4. mgr.

Viðmiðunartekjur eru skattskyldar árstekjur fjölskyldu næsta almanaksár á undan, nema um börn sé að ræða. Fyrir hvert barn í fjölskyldu dragast 420.000 kr. frá árstekjum. Heimilt er þó að víkja frá viðmiðunarmörkum skv. 2. mgr. ef um verulega lækkun tekna er að ræða, svo sem vegna alvarlegra veikinda eða atvinnumissis.

Einstaklingar með sama fjölskyldunúmer samkvæmt skilgreiningu Þjóðskrár Íslands skulu teljast til fjölskyldu.

4. gr.

Umsóknir og fylgiskjöl

Umsóknir um endurgreiðslur skulu berast Tryggingastofnun ríkisins eða umboðum hennar. Með umsókn skulu fylgja kvittanir er staðfesta útgjöld vegna læknishjálpar, lyfja - og þjálfunarkostnaðar. Einnig er unnt að sýna fram á útgjöld vegna lyfja með því að framvísa tölvuútskrift frá apótekum.

Endurgreiðslur miðast við útgjöld vegna læknishjálpar, lyfja og þjálfunar þrjá mánuði í senn, þ.e. 1. janúar - 31. mars, 1. apríl - 30. júní, 1. júlí - 30. september og 1. október - 31. desember ár hvert. Endurgreiðslur samkvæmt reglugerð þessari miðast við útgjöld sem stofnað hefur verið til frá 1. október 2012.

5. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi, sem sett er með stöð í 2. mgr. 11. gr. laga nr. 99/2007 um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. október 2012. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 355/2005 um endurgreiðslu á umtalsverðum útgjöldum sjúkratryggðra vegna læknishjálpar, lyfja og þjálfunar, með síðari breytingum.